



# Frjálslynda fjölskyldan

Unitarar – Efahyggja - Guðleysi


---



**Bjarni Randver Sigurvinsson**

2009

ÞRIGGJAORÐANAFN



ÍSAK HARDARSON

## ÓVÆNT SAMTAL VIÐ ÚRELT FYRIRBÆRI

Símhringingin rýfur svefninn.

Það er mið nótt, og mig var að dreyma.

Ég fálma eftir símtólinu:

„Já?“

„Þetta er Guð,“ segir rödd.

„Hvaða guð?“ spyr ég, fúll.

„Skapari þinn,“ svarar röddin.

„Ég ætlaði að segja þér . . .“

„Ég þekki engan Guð,“ gríp ég fram í og skelli á.

Símhringingin rýfur svefninn.

Það er niðdimm nótt, og mig var að dreyma.

Blótandi ríf ég upp tólið:

„JÁ, HVAD?!?!?!“

„Það er Guð,“ segir sama röddin.

„Mig langaði bara að segja . . .“

„Það er enginn Guð til!“ öskra ég og skelli á.

Símhringingin rýfur svefninn.

Enn er nótt, og mig var að dreyma.

Ískrandi af reiði garga ég í trektina:

„JÁ, HVUR FJANDINN ER ÞETTA EIGINLEGA?!?!?!“

„Þetta er Guð,“ segir röddin.


„Ég elska þig . . .“

Þá sker ég á línuna,  
og það sem eftir er nætur  
nýt ég svefnsins.



„Glímir maðurinn við Guð?  
Við hvern annan ætti hann að glíma?“

ÁRNI BERGMANN



GLÍMAN VIÐ  
GUÐ

Þetta kvöld og stundum síðar vék ég frá hefðbundnu hátíðarhaldi með því að láta viðstadda fara með stuttar sögur sem tengjast bæði furðum þess lífs sem lifað var í heimi gyðinga í Austur-Evrópu fyrir daga Hitlers og svo þeirra furðulega hæfileika til að finna óvænt og hnyttin svör við vandkvæðum sem upp koma í samskiptum þeirra við þann Guð sem ekki gengst við nafni en segir: ég er sá sem ég er. Þetta er það sem mér finnst mest aðlaðandi í gyðinglegri hefð: hæfileikinn til spaugvísi, til að finna óvænt sjónarhorn á það sem menn skyldu ætla að væri fullrætt fyrir löngu.

Vitur rabbí, Moshe Leib, komst svo að orði:

Hver einasti eiginleiki mannsins er skapaður í einhverjum jákvæðum tilgangi. Jafnvel verstu eiginleikum og tilhneigingum manna má snúa á betri veg.

Getur það verið? spurði lærisveinn hans. Til hvers er til dæmis sá möguleiki mannsins skapaður að geta neitað því að Guð sé til?

Afneitun Guðs, sagði Moshe Leib, má einnig snúa á betri veg. Ef einhver kemur til þín og biður um hjálp, þá skalt þú ekki setja upp guðræknislegan svip og segja: lát ekki hugfallast, treystu Guði, hann mun leysa úr þínum vanda.

Þú skalt heldur ímynda þér að það sé alls enginn Guð til og að einmitt þess vegna sért þú sjálfur eini maðurinn í öllum heiminum sem gæti hjálpað þessum manni ...

Gyðingleg hefð er líka heillandi vegna þess hve ríkt það er í henni að deila við Drottin, segja honum að hann eigi ekki skilið takmarkalaus aðmýkt og hlýðni. Móses deildi við Jahve á Sínaifjalli og fékk hann til að hætta við að tortíma Ísraelsmönnum. Þrjú þúsund árum síðar er enn ekki búið að leysa þennan sambúðarvanda og frægur Hassídi, Pinkhas frá Korets (d. 1791), reiðist Guði og framkomu hans við það fólk sem hann kallar sitt og hrópar til hans:



# Trúarlífsfélagsfræðilegar skilgreiningar á trúarhugtakinu

---

- Innihaldsskilgreiningar.
  - Hver er hugmyndafræðin?
- Hlutverkaskilgreiningar.
  - Hvað gera trúarbrögðin?



# Innihaldsskilgreiningar

---

- Þröng skilgreining:
  - Trú telst hver sú hugmynd sem skírskotar til handanveruleika, yfirnáttúrulegra afla eða guða.
- Víð skilgreining:
  - Sérhver fullyrðing um tilvist eða tilvistarleysi handanveruleika, yfirnáttúrulegra afla eða guða telst trú.



# Hlutverkaskilgreiningar

---

- Trúarhreyfingar eru táknerfi um altæka skipan tilverunnar sem tiltekinn hópur sameinast um og veitir einstaklingnum heildstæða merkingu og tilgang með lífinu.
  - Þröng skilgreining:
    - Táknerfið einkorast við hið yfirnáttúrulega.
  - Víð skilgreining:
    - Táknerfið þarf ekki að skírskota til yfirnáttúrulegs veruleika. Þannig geta t.d. stjórnárástefnur og listastefnur flokkast sem trúarbrögð.





## Skilgreining Durkheims ranglega þýdd

- Skilgreining Durkheims ranglega þýdd í íslenskri kennslubók í félagsfræði fyrir grunnskóla:

félagsfræðinnar og einn þeirra, Emile Durkheim kom með eftirfarandi skilgreiningu á þeim:

Trúarbrögð eru sameiginlegt kerfi hugmynda, siða og reglna (helgisiðir) sem tengjast guðdómi. Helgisiðir eru settir ofar öðrum siðum og þeim fylgja siðaboð, skoðanir og venjur sem sameina fylgjendur í siðferðilegan félagsskap, sem kallast kirkja.

- Rétt ensk þýðing á skilgreiningunni:

“A religion is a unified system of beliefs and practices relative to sacred things, that is to say, things set apart and forbidden – beliefs and practices which unite into one single moral community called a Church, all those who adhere to them.”

(Emile Durkheim: *The Elementary Forms of Religious Life*. The Free Press. New York. 1995. Bls. 44.)





## Dæmi um víðar hlutverkaskilgreiningar úr félagsfræði

---

- „Trúarbrögð eru kerfi hugmynda og athafna sem varða helga hluti, þ.e.a.s. fyrirbæri sem aðgreind hafa verið með bannhelgi, og sameinar alla þá sem lúta því í siðrænt samfélag sem kalla mætti kirkju.“

(Emile Durkheim: *The Elementary Forms of Religious Life*. The Free Press. New York. 1995. Bls. 44.)

- „Trúarbrögð eru öll þau altæku kerfi sem fá hópa til að samsama sig heiminum eða veita þeim skilning á honum (í bókstaflegri eða táknrænni merkingu).“

(Seth D. Kunin: *Religion. The Modern Theories*. Edinburgh University Press. Edinburgh. 2003.)



## Orðabækur um „atheism“

---

- *Orðabók Arnars & Örlygs:*
  - „atheism“ þýtt sem (1) „trúleysi, guðleysi, sú trú að enginn guð sé til“ og (2) „óguðleiki“.
- *Cambridge International Dictionary of English:*
  - „atheist/ ... Someone who believes that God or gods do not exist.“
- *Webster's Encyclopedic Unabridged Dictionary of the English Language:*
  - „atheism ... 1. the doctrine or belief that there is no God. 2. disbelief in the existence of God or gods.“
  - „atheist ... one who denies or disbelieves the existence of God or gods.“



## Er hægt að þýða „atheism“ sem „trúleysi“?

- „Atheism“ þýðir „guðleysi“ en ekki „trúleysi“ þó svo að það orð sé stundum notað þannig hér á landi.
  - Orðið „trúleysi“ var lengi neikvætt og varðaði menn sem engu trúa og því ekki hægt að treysta.
  - Ýmsir guðleysingjar og efahyggjumenn hafa kallað sig trúleysingja, m.a. vegna þess að þeir játa ekki trúaratriði kristindómsins.
  - Enn aðrir sem vilja gera sem minnst úr eigin trúarviðhorfum eða aðgreina sig frá tilteknum trúarviðhorfum eða trúarstofnunum hafa kosið að kalla sig trúleysingja.
- Ef gengið er út frá þröngum skilgreiningum á trúarhugtakinu er hægt að tala um guðleysi sem trúleysi, þ.e. ef trú felst aðeins í guðstrú.
- Ef gengið er út frá víðum skilgreiningum á trúarhugtakinu má draga í efa að raunverulegt „trúleysi“ sé til.



# Guðleysi skilgreint

---

- Þröng skilgreining.
  - Hvorki Guð né guðir eru til.
- Víð skilgreining.
  - Skortur á trú á tilvist Guðs eða guða:
    - Þeir sem hafna tilvist Guðs eða guða.
    - Þeir sem vilja ekki taka afstöðu til tilvistar eða tilvitarleysis Guðs eða guða.
    - Þeir sem ekki vita um tilvist guðstrúar.
  - Stundum talað um **sterkt og veikt guðleysi** eða **þögult og skýrt guðleysi**.
  - Á Íslandi nota sumir hugtakið „trúleysi“ fyrir víða skilgreiningu á guðleysi.





## Dæmi um þrönga skilgreiningu á guðleysi

- „... að vera guðleysingi felur það í sér að viðkomandi hafnar trú á Guð af eftirtöldum ástæðum ...: hvað varðar manngervðan Guð þá hafnar guðleysinginn trúnni á Guð vegna þess að hún er röng eða líklega rangt að til sé slíkur Guð; hvað varðar ómanngervðan Guð ... þá hafnar hann trú á Guð vegna þess að hugmyndin um slíkan Guð er ýmist merkingarlaus, óskynsamleg, mótsagnakennd, óskiljanleg eða órökrétt; hvað varðar þann Guð sem lýst er af nútíma eða núlifandi guðfræðingum eða heimspekingum þá hafnar hann trú á slíkan Guð vegna þess að hugmyndin um Guð er með þeim hætti að hún breiðir aðeins yfir guðlausann kjarna – þ.e. „Guð“ er aðeins annað heiti yfir kærleika eða „Guð“ er einfaldlega táknrænt hugtak fyrir siðferðishugsjónir.“

(Kai E. Nielsen: „Atheism.“ *Encyclopædia Britannica*.)



## Dæmi um víða skilgreiningu á guðleysi

---

- „Trúleysingi er sá sem ekki hefur neina trú í skilningnum „traust og tilbeiðslu á goðmögnum eða vættum; trúarbrögð“. Það að vera trúlaus er sem sagt það að vera laus við trú á guði eða yfirskilvitlegar æðri verur. Alþjóðaorðið yfir trúleysingja er apeisti. ... Trúleysi eða guðleysi er ... kallað apeismi. Stundum er gerður greinarmunur á sterku og veiku trúleysi. ... „Veikur“ trúleysingi trúir því ekki að til sé guð. „Sterkur“ trúleysingi trúir því að ekki sé til guð. ... Svar „veika“ trúleysingjans við spurningunni „Eru til guðir?“ er: „Ég veit það ekki.“ Svar „sterka“ trúleysingjans við sömu spurningu er: „Nei!“ ... Veikt trúleysi fellur stundum saman við svokallaða agnostík eða trúarlega efahyggju.“

(Eyja Margrét Brynjarsdóttir: „Hvað er skilgreiningin á trúleysingja?“ *Vísindavefurinn.*)



## Munur á guðleysi og trúleysi?

---

- „Guðlaus maður trúir ekki á guð. Trúlaus maður hefur sömu afstöðu og guðlaus maður til guða en bætir um betur og trúir ekki á nein yfirnáttúruleg fyrirbrigði. Allir trúlausir menn eru guðlausir.“

(Óli Gneisti Sóleyjarson: „Úr samhengi séra Gunnars.“ *Morgunblaðið*. 24. ágúst 2006. Bls. 28.)



## Íslenskar þýðingar á lykilhugtökum

---

- **atheism** = guðleysi.
- **atheist** = guðleysingi.
- **agnostic** = efahyggjumaður/ efasemdamaður (um yfirnáttúruleg efni).
- **skeptic** = efahyggjumaður/ efasemdamaður (um viðteknar kenningar).
- **Non-belief** = enginn trú, trúleysi.
- **Non-believer** = ótrúaður, trúlaus.
- **infidel** = vantrúaður, heiðingi.





# „Trú“ og „trúleysi“ skipt út fyrir önnur hugtök?

---

- **Lífhyggja** (vítalismi).
  - Lífandi verur eru sagðar búa yfir sjálfstæðu lífsafli eða lífsorku sem ekki er hægt að skýra með vísun til eðlis dauðra hluta enda óháð náttúrulegumálum.
    - Ýmsir leggja hugtakið að jöfnu við trúarhugtakið.
    - Aðrir segja að hugtakið nái aðeins yfir vissar birtingarmyndir hins trúarlega.
- **Vélhyggja** (mekanismi).
  - Unnt er að skýra öll náttúrufyrirbrigði út frá vélrænum lögmálum.
    - Ýmsir telja að vélhyggjan samsvari „guðleysi“ og „trúleysi“ þar sem hún útiloki tilvist Guðs og alls yfirnáttúrulegs.
    - Aðrir segja að vélhyggjan geti samrýmst guðstrú og útiloki ekki hið yfirnáttúrulega því að hún varði aðeins hið náttúrulega.
- Notkun hugtakanna ræðst eftir sem áður af því **hvernig trúarhugtakið er skilgreint.**



## Getur guðleysi talist trúarlegt?

---

- Samkvæmt innihalds- og hlutverkaskilgreiningum sem einskorða hið trúarlega við trú á hið yfirnáttúrulega myndi guðleysi ekki flokkast sem trúarlegt.
- Innihalds- og hlutverkaskilgreiningar geta gengið mun lengra:
  - Alister McGrath, prófessor í guðfræðisögu við Háskólann í Oxford, skilgreinir t.d. guðleysi sem trúarlegt:
    - „Sú hugmynd að guðleysi sé tegund trúar veldur engum vandamálum. Það jafngildir litlu meira en að fullyrða það sem allir vita að er rétt: Að oftast verða ekki færðar sönnur á það sem skiptir raunverulegu máli í lífinu. Engum mun takast að útkljá spurninguna um tilvist Guðs með fullkominni vissu. ... Það er ekki hægt að sanna þetta með vísindalegum hætti ...“ (McGrath, Alister: *Dawkins' God: Genes, Memes, and the Meaning of Life*. Blackwell. Oxford. 2005. Bls. 96.)



## Efahyggja um vísindi

---

- „Á endanum hvíla skoðanir manna ekki á skynsamlegum rökum heldur blindri trú. Kjósi einhver aðra trú en ég og álít að það sem ég kalla veruleika sé blekking þá get ég ekki hrakið fullyrðingar hans. ... Vísindin ... *geta aldrei aflað þekkingar á því hvort forsendurnar sem þau gera ráð fyrir séu réttar.* Þá skoðun að þessar forsendur séu réttar og vísindin afli þekkingar er nær að kenna við trú en vísindi. Í framhaldi af þessu má svo spyrja hvort vísindatrúin sé skynsamleg trú. Mig grunar að hún sé, eins og mörg önnur trúarbrögð, skynsamleg meðan henni er haldið fram af kurteisi og hæfilegu lítillæti. En um leið og menn hætta að efast og fyllast kokhraustri vissu verður vísindatrúin líklega jafn heimskuleg og hver önnur kreddufesta.“

(Atli Harðarson: „Efahyggja.“ *Er vit í vísindum? Sex ritgerðir um vísindahyggju og vísindatrú.* Ritstjórn: Andri Steinþór Björnsson, Torfi Sigurðsson & Vigfús Eiríksson. Háskólaútgáfan. Reykjavík. 1996. Bls. 35-36.)







## Félagsleg staða trúarhreyfinga

---

- Algengasta flokkunarkerfið yfir félagslega stöðu trúarhreyfinga (sbr. t.d. von Wiese, Becker og McGuire):
  - **Kirkja** (church).
  - **Sértrúarsöfnuður** (sect).
  - **Kirkjudeild/ trúardeild** (denomination).
  - **Einstaklingsmiðlæg aðdáendahreyfing** (cult).
- Helsta frávikið (Bainbridge & Stark):
  - **Kirkja** (church).
  - **Sértrúarsöfnuður mótaður af menningarhefðinni** (sect).
  - **Menningarlega framandi sértrúarsöfnuður, hópur og hreyfing** (cult).



# Frjálslynda fjölskyldan í flokkunarkerfi Meltons

---

- Einn angi fjölmennningar er efahyggja í trúarefnum sem er misróttæk eftir einstaklingum og hreyfingum.
  - Unitarar.
    - Hafna þrenningunni og guðdómi Jesú Krists.
  - Alheimsfrelsunarsinnar (universalists).
    - Telja að allir verði hólpnir.
  - Heiðingjar (sem oft segjast játa enga trú).
    - Guðstrú án trúarjátninga sem áréttar skynsemi og náttúrulögmál (deism).
    - Skynsemishyggja (rationalism) guðleysingja.
    - Húmanismi (humanism) guðleysingja.
    - Guðleysi (atheism).



## Afstaðan til trúarjátninga kristindómsins

---

- Efahyggja hefur lengst af snúið að trúarjátningum kristindómsins og mikilvægi kirkjustofnana.
  - Lengst af voru menn skilgreindir út frá því sem þeir höfnuðu, t.d. guðleysingjar.
  - Eftir borgarastyrjöldina í Bandaríkjunum tóku ýmsir að kalla sig jákvæðari nöfnum eins og veraldarhyggjumenn, afhelgunarsinna, húmanista og frjálslynda.
  - Eiga oft auðveldara með að sameinast um það sem þeir eru á móti en það sem þeir eru sammála um.
  - Margir hafa barist fyrir trúfrelsi.
- Andstaða unitara og guðleysingja við trúarjátningar kristindómsins tengja þá sögulega séð, en sjálfir myndu þeir ekki vilja vera flokkaðir saman.



## Efahyggjan og einkenni hennar

---

- Upplýsingin á 18. öld.
  - Frjálslynda stefnan taldi skynsemi mannsins geta bætt heiminn.
  - Áherslan á Guð og hið yfirnáttúrulega vék fyrir tilfinningum mannsins og skynsemi hans.
  - Heimsmyndin varð afhelguð.
  - Vísindin voru talin ávöxtur skynsemishyggju.
    - Aðeins það taldist raunverulegt sem hægt var að þreyfa á og mæla.
    - Aðeins þekking sem fengin var með vísindalegum hætti gat talist gagnleg.
  - Mikilvægi menntunar áréttað til höfuðs vanþekkingar.
  - Heimstrúarbrögðin voru borin saman og uppruna þeirra leitað.
    - Sumir tóku að leita að alheimstrúarbrögðum með því að finna hvað væri sameiginlegt í þeim öllum.
  - Á 19. öld urðu lykilorðin **þróun, skynsemi, vísindi og efnishyggja**.



## Uppruni nútíma efahyggju

---

- Fjöldmargir róttæklingar úr mannkynssögunni hafa verið tilgreindir sem frumkvöðlar nútíma efahyggju.
  - Antiprenningarsinnaðir trúarleiðtogar á tímum siðbreytingarinnar eru þó oft taldir upphafsmenn nútíma efahyggju.
    - Antiprenningarsinnar urðu áhrifamiklir í t.d. Póllandi og Transylvaníu.
  - Deistar.
  - Alheimsfrelsunarsinnar.

# Rætur unitara á fyrstu öldum kristindóms




- Finna má samsvaranir milli aríusarsinna á 3.-6. öld og unitara.
  - **Aríus** (um 250-336) var prestur kristins safnaðar í Alexandríu í Egyptalandi sem hafnaði þrenningunni og guðdómi Jesú Krists. Um tíma virtist sem sjónarmið hans yrðu ráðandi vegna m.a. stuðnings Konstantínars keisara Rómarveldis. Engu að síður voru sjónarmið hans úrskurðuð sem trúvilla á fyrstu kirkjupingunum sem viðurkennd eru af helstu kirkjudeildum kristindómsins.
    - Þegar gotar og húnar tóku kristna trú á svæðum Þýskalands voru þeir framan af aríusarsinnar.

# Rætur unitara í siðbreytingunni



- Á siðbreytingartímanum kemur fram gagnrýni á þrenninguna.
  - **Erasmus frá Rotterdam** (1466-1536) benti á að þrenningartextinn 1Jh 5:7 væri síðari tíma viðbót.
  - Spánverjinn **Michael Servetus** (1511-1553) hafnaði þrenningunni (og forútválingunni) og var brenndur á báli af fylgismönnum Jóhanns Kalvíns.
  - Ítalinn **Laelius Socinus** (1525-1562) hafnaði þrenningunni og lagði á flóttu um Evrópu eftir aftöku Servetusar.
    - Einn af upphafsmönnum socinianismans sem sagður er fyrirrennari unitaraismans.
  - Upphaf unitara er jafnan rakið til stofnunar unitarakirkju árið 1568 í Transylvaníu.

# Upphaf unitara



- **Ferenc Dávid** (1510-1579) stofnaði fyrstu unitarakirkjuna árið 1568 í Transylvaníu.
  - Var kalvínskur biskup en hafnaði brátt þrenningunni og forútvalningunni.
  - Við stofnun unitarakirkjunnar yfirgáfu kalvínistar hann.
  - Fyrir tilstilli hans gerðist **Jóhann II. Sigismund Zápolya** (1540-1571) konungur Transylvaníu unitari, fyrsti og eini evrópskra þjóðhöfðingja. Fimm forsetar Bandaríkjanna hafa síðan verið unitarar.
    - Lögleiddi trúfrelsi og stóð fyrir þingum helstu kirkjudeildanna.
    - Eftir dauða hans voru unitarar ofsóttir og Dávid færður í fangelsi.
- **Faustus Socinus** (1539-1604) bjó um skeið meðal unitara í Transylvaníu en flutti síðar til Póllands þar sem sociniansisminn naut töluverðs fylgis um tíma.
  - Þegar socinianistar voru hraktir frá Póllandi um miðja 17. öld fluttust þeir að hluta til Transylvaníu.





- Unitarakirkja í Şimoneşti í Rúmeníu.
  - Söfnuðirnir í héraðinu eru ýmist kalvínskir eða unitarar.
  - Íbúarnir eru flestir af ungverskum uppruna.
- Unitarar í Rúmeníu eru sagðir á bilinu 67.000-100.000.
  - Flestir eru búsettir í Transylvaníu, einkum í Dârjiu-héraði.






- Gömul unitarakirkja í Dârjiu-héraði í Transylvaníu í Rúmeníu. Kirkjan var byggð á 13. öld.






- Unitarakirkjan í Dârjiu-héraði í Transylvaníu í Rúmeníu innandyra.

# Unitarar á Bretlandseyjum



- Á 18. öld tóku ýmsir úr röðum kalvínista og anglíkana á Bretlandseyjum að draga þrenninguna í efa.
  - Antiprenningarsinnar voru framan af nefndir aríusarsinnar.
  - Árið 1662 voru sett lög um hvað mætti predika og urðu kennimenn að beygja sig undir kennivald Ensku kirkjunnar. Þeir sem ekki sættu sig við það stofnuðu fríkirkjur sem margar hverjar urðu nátengdar unitörum þegar á leið á 18. öld.
  - Árið 1689 fengu kalvínistar og kvekarar trúfrelsi en ekki rómversk-kaþólskir og aríusarsinnar.
  - Árið 1702 var sr. **Thomas Emlyn** (1663-1741) dæmdur fyrir guðlast á Írlandi en hann hafði gefið út rit til varnar aríusismanum. Hann var sennilega fyrstur til að nota nafnið **unitari** í enskumælandi löndum.
  - Breska unitarahreyfingin var stofnuð árið 1774 af **Theophilus Lindsey** (1723-1808), fyrrverandi anglíkónskum prest.
  - Sr. **Joseph Priestley** (1733-1804) varð brátt helsti hugmyndafræðingur unitara. Hann var virtur vísindamaður sem m.a. uppgötvaði súrefnið en flúði að lokum ofsóknir til Bandaríkjanna.

# Unitarar í Bandaríkjunum



- Í Bandaríkjunum byrjaði unitarahreyfingin meðal Safnaðarstjórnenda og var fyrsta kirkjan stofnuð árið 1794 eftir klofning frá þeim.
  - Helstu leiðtogar unitara á 19. öld:
    - Sr. **William Ellery Channing** (1780-1842).
    - **Ralph Waldo Emerson** (1803-1882).
    - **Theodore Parker** (1810-1860).
  - Harvard háskóli í Bandaríkjunum og guðfræðideild hans voru lengst af í nánum tengslum við unitarismann.
    - Guðfræðingar og trúarbragðafræðingar með gráður frá Harvard hafa margir þótt gagnrýnir á játningar helstu kirkjudeilda kristindómsins.



## Sjónarmið unitara

---

- Unitarar eru að stórum hluta klofningur frá kalvínskum kirkjum þar sem gert er upp við trúfræði þeirra.
- Trúin er sögð þroskaferli.
  - Birtingarmyndir trúarinnar geta verið margvíslegar meðal unitara.
  - Mikilvægi skynsemishyggju.
- Hafna m.a. ...
  - þrenningunni.
  - friðþægingunni.
  - forútváningarkenningu Kalvíns.
  - trúarjátningum.
- Fylgja siðaboðum Jesú Krists og sækja innblástur til allra trúarbragða.
  - „Love is the doctrine of this church. The quest for truth is its sacrament, and service is its prayer. To dwell together in peace, to seek knowledge in freedom, to serve mankind in fellowship, to the end that all souls shall grow in harmony with the Divine – thus do we covenant with each other and with God.“



## Sjálfsskilningur unitara í Bandaríkjunum

---

- Í nýlegri skoðanakönnun voru unitarar (Unitarian Universalists) í Bandaríkjunum beðnir um að merkja við þann trúarlega valkost sem best ætti við um trúarskoðanir þeirra. Margir völdu fleiri en einn valkost en þessir voru algengastir:
  - Húmanistar – 54%
  - Efahyggjumenn – 33%
  - Jarðbundnir – 31%
  - Guðleysingjar – 18%
  - Búddhistar – 16.5%
  - Kristnir – 13.1%
  - Heiðnir – 13.1%

# Alheimsfrelsunarsinnar



- Alheimsfrelsunarsinnar líta svo á að allir verði hólpnir að lokum og enginn muni glatast. Þrenningunni er yfirleitt hafnað.
  - Englendingurinn **John Murray** (1741-1815) sannfærðist um réttmæti alheimsfrelsunartrúfræðinnar, sagði skilið við meþódista í heimalandi sínu og fluttist til Bandaríkjanna árið 1770 þar sem hann aflaði sjónarmiðum sínum fylgis.
  - Fyrsta Alheimsfrelsunarkirkjan var stofnuð árið 1779 í Bandaríkjunum.
  - Árið 1961 sameinuðust Alheimsfrelsunarkirkjan og Samtök amerískra unitara í **Unitarian Universalist Association**.
    - Vegna þess hversu mikill innblástur er sóttur til allra heimstrúarbragðanna um leið og þekktustu kenningum kristindómsins er hafnað hefur samtökunum stundum verið lýst sem eftirkristnum (Post-Christian).
    - Skráðir meðlimir eru um 158.000.
  - Enn eru til aðgreindar kirkjur unitara og alheimsfrelsunarsinna í Bandaríkjunum og um allan heim.





# Merki Unitarian Universalist Association

---





# Mannréttindi og samskipti við önnur trúarbrögð

---

- Framlag unitara í almennum mannréttindum er töluvert.
  - Fyrsta kirkjan í Bretlandi til að vígja konur sem presta var unitarakirkjan árið 1904.
  - Berjast fyrir réttindum samkynhneigðra og tvíkynhneigðra.
- Áhersla á samræður milli trúarbragða.
  - Þátttakendur í Heimstrúarbragðapinginu í Chicago árið 1893.
  - Stofnaðili að **The International Association for Religious Freedom** árið 1900.
    - Elstu þvertrúarlegu samtökin sem enn eru starfandi.
- Afstaða annarra kirkjudeilda.
  - Unitörum og alheimsfrelsunarsinum er yfirleitt hafnað sem kristnum af helstu kirkjudeildum kristindómsins vegna afstöðunnar til þrenningarinnar, guðdóms Jesú Krists og hjálpræðisins.
    - Hafa ekki fengið aðild að Alkirkjuráðinu.
    - Ein helsta skátahreyfing Bandaríkjanna hefur úthýst unitörum vegna frjálsslyndrar afstöðu þeirra í ýmsum siðferðisefnum og kenningum.
      - Boy Scouts of America hafna samkynhneigð, guðleysi og efahyggju.



## Unitarar og alheimsfrelsunarsinnar í dag

---

- Talið er að unitarar og alheimsfrelsunarsinnar séu í mesta lagi um 600.000 í dag um allan heim.
  - David V. Barrett talar um 300.000 unitara og alheimsfrelsunarsinna um allan heim.
  - Allmargir innan annarra kirkna og trúarbragða deila þó trúarskoðunum þeirra að einhverju leyti.